

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 2001

8. febrúar 2001

227

Nr. 117

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík.

Hlíðarhús 3-7, Hjúkrunarheimilið Eir, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð þann 14. nóvember 2000 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlíðarhús 3-7.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Rituhólar 5, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 24. janúar 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Rituhóla 5.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Dofraborgir 9, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 24. janúar 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Dofraborgir 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 8. febrúar 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

8. febrúar 2001

Nr. 118

AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir seiðaeldisstöð AGVA Norðurland ehf. á Hauganesi í Eyjafirði, kt. 511000-2429. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. ágúst 2007.

Hollustuvernd ríkisins, 8. febrúar 2001.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.